

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. júní 2026

Mál nr. E-5528/2025:

A

(Klara Óðinsdóttir lögmaður)

gegn

Samskipum hf.

(Sigríður Harradóttir lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Þetta mál, sem var dómtekið 7. maí 2026, höfðaði A, [...] í Reykjavík, gegn Samskipum hf., Kjalarvogi 7–15 í Reykjavík, með stefnu birtri 7. október 2025.
- Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda vegna tjóns af völdum slyss sem stefnandi varð fyrir á vinnustöð félagsins að Goðanesi 12 á Akureyri 12. júlí 2022. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál og að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk málskostnaðar.
- Í greinargerð stefnda er sýknukrafa m.a. studd við aðildarskort til varnar. Stefnandi andmælir því. Í því ljósi og að ósk beggja aðila var sakarefni málsins skipt með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 þannig að fyrst yrði dæmt um kröfur og ágreining aðila vegna varna stefnda á grundvelli aðildarskorts en sakarefni málsins hvíldi að öðru leyti. Aðalmeðferð um það skipta sakarefni málsins fór fram 7. maí 2026 með málflutningi af hálfu beggja aðila. Skýrslutökur fóru ekki fram.
- Í þessum þætti málsins krefst stefnandi þess að kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts verði hafnað og málið gangi til meðferðar um aðra þætti þess. Einnig er krafist málskostnaðar með sama hætti og í stefnu.
- Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts til varnar, auk málskostnaðar.

7. Lýsing á málsatvikum og málatilbúnaði aðila hér á eftir markast af því sem þörf má telja á með hliðsjón af skiptu sakarefni málsins og samhengi þess.

Helstu málsatvik

8. Samkvæmt stefnu kveðst stefnandi hafa verið við vinnu sína hjá stefnda á vinnustöð stefnda á Akureyri 12. júlí 2022 þegar hún hafi orðið fyrir slysi. Hún hafi verið verka- maður við sumarafleysingar og starfað hjá stefnda í u.þ.b. tvo mánuði á slysdegi. Frysti- klefi vinnustaðarins hafi bilað og notast hafi verið til bráðabirgða við flutningsgám með svonefndri frystihurð. Hana hafi starfsmenn stefnda þurft að setja upp og hafi hún saman- staðið af þremur flekum. Slysið hafi orðið með þeim hætti að stefnandi hafi verið að líta inn í frystigáminn eftir vörum og lokað frystihurðinni að baki sér. Þá hafi einn flekinn fallið og lent milli herðablaða hennar með þeim afleiðingum að hún hafi fengið högg á bakið og fallið til jarðar. Hurðin hafi verið mjög þung og gömul og þurft töluvert afl til að skella henni aftur. Jafnframt hafi búnaður hennar að tilteknu leyti verið í ólagi.
9. Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir meiðslum í slysinu og leitað lækniástoðar 30. júlí 2022 á heilsugæslu á Akureyri vegna verkja í baki. Þá hafi verið sjáanleg bólga og eymsli á milli hryggjar og hægra herðablaðs. Áfram hafi hún glímt við einkenni frá baki sem ekki hafi gengið til baka þrátt fyrir meðferð sem lýst er nánar í stefnu og orðið varanleg. Varanleg lækni-fræðileg örorka hennar af þessum sökum sé 8% samkvæmt framlagðri matsgerð lækni 24. maí 2025. Í stefnu og framlögðum gögnum stefnanda er líkamlegum afleiðingum og heilsutjóni stefnanda nánar lýst en í ljósi sakarefnis í þessum þætti máls- ins telst ekki þörf að rekja þau atriði sérstaklega hér.
10. Rétt er að fram komi að stefndi andmælir að ýmsu leyti framangreindri atvikalýsingu stefnanda samkvæmt greinargerð stefnda og framlögðum gögnum í málinu.
11. Í stefnu segir að stefnandi hafi leitað sér lögmannsaðstoðar 19. ágúst 2022 vegna málsins. Á meðal gagna málsins er tilkynning um slys stefnanda til Sjúkratrygginga Íslands á útfylltu eyðublaði þeirrar stofnunar vegna umsóknar um bætur samkvæmt lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Tilkynningin er dagsett 29. ágúst 2022 og undirrituð ólæsilega af hálfu félagsins Samskip innanlands ehf. með kennitölu þess félags, 710169-4629. Fyrirtæki eða atvinnurekandi er tilgreindur sama félag. Jafnframt liggja fyrir upplýsingar um tilkynningu um slysið sem vinnuslys til Vinnueftirlitsins á eyðublaði þeirrar stofnunar. Samkvæmt því barst tilkynning frá Samskipum innanlands ehf. Loks liggur fyrir afrit af skýrslu vinnuveitanda um vinnuslys á eyðublaði trygginga- félagsins Sjóvá-Almennar tryggingar hf., útfyllt vegna slyss stefnanda. Sú skýrsla er

dagsett 29. ágúst 2022 og undirrituð af hálfu sama félags, þ.e. Samskipa innanlands ehf., sem vinnuveitanda stefnanda.

12. Fyrir liggja ýmis önnur gögn í málinu sem lögð voru fram með stefnu, svo sem læknisvottorð, þar sem vísað er til vinnuveitanda stefnanda einungis með heitinu „Samskip“.
13. Með bréfi til stefnda, þ.e. Samskipa hf., 16. nóvember 2022 óskaði lögmaður stefnanda eftir afstöðu til bótaskyldu vegna slyss stefnanda. Í því var rökstudd nánar sú afstaða hennar að bótaskylda væri fyrir hendi hjá vinnuveitanda. Í upphafi bréfsins var vinnuveitandi tilgreindur „Samskip á Akureyri“. Í lok bréfsins var þess krafist að „Samskip“ viðurkenndi bótaskyldu.
14. Síðastnefndu erindi var svarað með bréfi lögmanns hjá LEX lögmannsstofu 20. janúar 2023 til lögmanns stefnanda. Í upphafi bréfsins kom fram að lögmannsstofan gætti hagsmuna stefnda, með tilgreindri kennitölu hans, í málinu og var vísað til hans sem umbjóðanda eftir það í bréfinu. Fram kom að stefndi hefði á tjónsdegi verið með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá erlendu tryggingafélagi og að lögmannsstofan hefði milligöngu í málinu fyrir hönd stefnda. Með bréfinu var í megindráttum hafnað bótaskyldu og atvikalýsingu stefnanda með vísan til efnislegra röksemda varðandi slysið, þ.m.t. aðstæður á slysstað, og atvik eftir það. Þar á meðal var fjallað um samskipti við Vinnueftirlitið vegna slyssins og tiltekin sjónarmið stefnanda þar að lútandi.
15. Líkt og áður greindi höfðaði stefnandi þetta mál á hendur stefnda 7. október 2025 eða rúmlega tveimur og hálfu ári eftir síðastnefnd samskipti við lögmann stefnda. Í millitíðinni var stefnanda veitt gjafsóknarleyfi, þ.e. í janúar 2025. Þá aflaði hún áðurnefndrar matsgerðar frá maí 2025. Málið var þingfest 9. október 2025.
16. Greinargerð stefnda með frekari gögnum af hálfu stefnda var lögð fram í þinghaldi 4. desember 2025. Komu þá m.a. fram í málinu varnir stefnda byggðar á aðildarskorti.
17. Á meðal gagna sem lögð voru fram með greinargerð stefnda var ráðningarsamningur stefnanda, dagsettur 6. apríl 2022. Sá ráðningarsamningur ber hvorki með sér nafn og kennitölu stefnda né Samskipa innanlands ehf. og raunar ekki neina kennitölu vinnuveitanda. Af hálfu vinnuveitanda er hann undirritaður af hálfu „Samskipa“ og haus hans er með sama heiti, auk þess sem vísað er til „Samskipa“ sem vinnuveitanda í meginmáli samningsins. Með greinargerð stefnda var einnig lagt fram afrit af einum launaseðli stefnanda, frá 31. maí 2022. Í haus þess skjals er áletrað „Samskip“ en kennitala launagreiðanda er tilgreind áðurnefnd kennitala Samskipa innanlands ehf. Sömuleiðis er meðal þessara gagna eyðublað merkt „Samskip“ með starfslýsingu bílstjóra, undirritað af stefn-

anda 6. apríl 2022. Þar er vísað til þess að starfslýsingin taki til starfs bílstjóra í deild „1300540 Svæðisskrifstofa Norðurlands / Innanlandsflutningur“ og að næsti yfirmaður sé „Verkstjóri í vöruhúsi“. Í þessu skjali er hvorki vísað til Samskipa hf. né Samskipa innanlands ehf.

18. Stefndi lagði með greinargerð sinni einnig fram afrit tölvupóstsamskipta milli lögmanna stefnda og starfsmanna stefnda frá 4. desember 2025 þar sem fram kemur áframsend staðfesting frá tryggingafélaginu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. um að bætur hafi verið greiddar til stefnanda úr slysatryggingu launþega sem Samskip innanlands ehf. hafi verið með í gildi á tjónsdegi.
19. Við meðferð málsins fyrir dómi eftir framlagningu greinargerðar stefnda hafa aðilar lagt fram frekari gögn varðandi ágreining sinn um aðild málsins og atvik þar að lútandi. Þar á meðal lagði stefnandi fram afrit af tölvupósti lögmans hennar til tryggingafélagsins Sjóvá-Almennar tryggingar hf. frá 14. nóvember 2022 og svari af hálfu þess félags degi síðar, 15. nóvember. Í fyrrnefnda póstinum er vísað til sendingar á erindi í máli stefnanda vegna slyss sem hún hafi orðið fyrir við vinnu sína fyrir „Samskip á Akureyri“ sem verið hafi með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. á slysdegi. Í svari Sjóvár-Almennra trygginga hf. segir að félagið hafi mótttekið tilkynningu vegna stefnanda og tekið fram að „Samskip“ sé með ábyrgðartryggingu erlendis.
20. Stefnandi lagði einnig fram afrit tölvupóstsamskipta lögmans hennar á tímabilinu 16. nóvember 2022 til 20. janúar 2023. Sjá má að þau samskipti hafa varðað, og verið send rafrænt með þeim, fyrrnefnd erindi lögmanna aðila 16. nóvember 2022 og 20. janúar 2023 varðandi annars vegar ósk stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu og hins vegar höfnun stefnda á því. Með tölvupósti 16. nóvember 2022 sendi fulltrúi lögmans stefnanda á netföngin „[...]@samskip.com“ og „[...]@samskip.com“ umrædda ósk um viðurkenningu á bótaskyldu. Þar var vísað til vinnuslyss stefnanda og að „þið“ væruð með „frjálsa ábyrgð erlendis“ og væri því beiðnin send „beint á ykkur“. Næsta skeyti í þessum samskiptum er tölvupóstur frá lögmanni stefnda 23. nóvember 2022 þar sem fram kemur m.a. að „umbjóðandi okkar, Samskip, [hafi] falið okkur að svara [erindinu]“ og samband yrði haft þegar afstaða hans lægi fyrir. Tölvupóstsamskiptin bera svo með sér að áður nefnt bréf lögmansins fyrir hönd stefnda 20. janúar 2023 um höfnun bótaskyldu hafi verið sent lögmanni stefnanda þann dag.
21. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 28. janúar 2025 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu. Hún takmarkast við réttargjöld og þóknun lögmans.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

22. Í þessum þætti málsins byggir stefnandi á því að úrlausn dómsmáls hennar snúist um hver beri ábyrgð á tjóni hennar. Í þessum þætti málsins sé deilt um við hvern hún hafi átt í ráðningarsambandi. Rangt sé að hún hafi verið ráðin til starfa hjá Samskipum innanlands ehf. og sé málinu réttilega beint að stefnda sem vinnuveitanda hennar.
23. Stefnandi vísar til sjónarmiða í skaðabótarétti varðandi regluna um vinnuveitendaábyrgð um að launþegar á grundvelli ráðningarsamnings falli alltaf undir þá reglu og að almennt séu ekki gerðar miklar kröfur til að sanna ráðningarsamband.
24. Einnig gildi hér sömu reglur um túlkun ráðningarsamninga og almennt gerist. Þá þurfi að líta til innbyrðis stöðu aðila og aðstöðumunar milli þeirra. Þar standi vinnuveitanda nær að sjá til þess að samningar séu skýrir og ótvíræðir, ekki síst þá um grundvallaratriði eins og hver sé vinnuveitandi launþegans. Stefnandi bendir þar á að ráðningarsamningur hennar í þessu máli sé á íslensku en að hún sé erlend og tali ekki íslensku. Þá kveði ráðningarsamningurinn á um margvíslegar skyldur stefnda, m.a. á sviði öryggismála og námskeiða í því sambandi, en þau atriði tengist með beinum hætti efnislegu sakarefni málsins. Stefndi hafi þannig borið ábyrgð á vinnustað stefnanda og öryggismálum þar.
25. Í starfslýsingu stefnanda sem liggja fyrir í málinu sé hvergi talað um Samskip innanlands ehf. heldur þvert á móti um starfsstöð stefnanda sem deild hjá Samskipum. Launaseðill stefnanda með kennitölu Samskipa innanlands ehf., sem stefndi virðist byggja alfarið á í þessum þætti málsins, sé ekki skýr þrátt fyrir að hafa þessa kennitölu enda standi að öðru leyti bara á honum „Samskip“ og merki félagsins.
26. Stefnandi telur engu breyta þó svo Samskip innanlands ehf. hafi verið launagreiðandi stefnanda, sem ekki sé mótmælt í sjálfu sér, enda falli það undir innra skipulag stefnda sem fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu og komi stefnda ekki við svo þýðingu hafi vegna aðildar að þessu dómsmáli. Ráðningarsamband stefnanda hafi verið við stefnda samkvæmt skriflegum ráðningarsamningi og hún talið sig starfsmann stefnda á Akureyri, eftir atvikum þá hugsanlega í deild stefnda þar en ekki í sjálfstæðu og aðgreindu fyrirtæki. Þar bendi stefnandi einnig á að stefndi eigi Samskip innanlands ehf. að fullu eða 100%. Ráðningarsamband stefnanda hafi verið við stefnda og stefnda hafi hvað sem öllu líður ekki tekist sönnun um hið gagnstæða.
27. Stefnandi vísar einnig til þess að stefndi hafi nú þegar staðfest rétta aðild sína að málinu þegar kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu hafi verið beint til hans. Lögmaður stefnda hafi svarað og hafnað þeirri kröfu með efnislegum hætti í nafni stefnda og engar athuga-

semdir gert á einum eða neinum grundvelli varðandi að kröfunni væri beint að röngum aðila.

28. Stefnandi telur ekki að þýðingu hafi í málinu að þessu leyti að stefnandi hafi fengið bætur úr slysaftryggingu launþega sem Samskip innanlands ehf. hafi haft hjá tryggingafélagi á grundvelli kjarasamningsákvæða. Það væri alfarið óháð sakarefni málsins, sem snerist um sök á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Engu máli skipti þó svo deild hjá stefnda hefði keypt umrædda slysaftryggingu. Með vísan til sams konar röksemda eigi önnur skjöl í málinu um tilkynningar Samskipa innanlands ehf. til opinberra stofnana og tryggingafélags ekki að hafa þýðingu varðandi rétta aðild til varnar í málinu.
29. Stefnandi áréttar kröfu sína um málskostnað óháð málsúrslitum í þessum þætti málsins. Kæmi til þess að fallist yrði á sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts byggji stefnandi sérstaklega á því að dæma bæri stefnda til greiðslu málskostnaðar stefnanda í málinu í ljósi allra atvika þess. Þar lægi fyrir að öll gögn um ráðningarsamband stefnanda væru óljós og loðin um hver væri í reynd vinnuveitandi hennar og hefði stefnandi með engu móti getað áttað sig nægilega á þeim. Hún hefði þannig réttilega getað litið svo á að stefndi væri vinnuveitandi hennar og yrði henni á engan hátt kennt um ef annað teldist réttara. Stefndi hefði borið alla ábyrgð á þessu og gera yrði ríkar kröfur almennt til vinnuveitenda um að slík gögn væru skýr og hafin yfir vafa. Einnig yrði þar að horfa til aðstöðumunar milli aðila og þess að stefnandi væri erlend og kynni ekki íslensku. Þessu til viðbótar lægi einnig fyrir að lögmaður stefnda hafi svo eftir að hann tók við hagsmunagæslu fyrir stefnda á engan hátt vísað til eða borið fyrir sig að bótakröfu stefnanda væri ekki beint að réttum aðila heldur þvert á móti, í nafni stefnda og fyrir hans hönd, svarað kröfum og röksemdum stefnanda og hafnað þeim á efnislegum grundvelli.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

30. Stefndi byggir á því að málsókn stefnanda sé ekki réttilega beint að stefnda enda hafi stefndi á slysdegi ekki verið, og í reynd aldrei verið, vinnuveitandi hennar. Hið rétta sé að stefnandi hafi verið ráðin tímabundið í sumarafleysingar hjá félaginu Samskip innanlands ehf. sem sé dótturfélag stefnda. Til samræmis við það hafi það félag greitt stefnanda laun og staðið að tilkynningum til opinberra stofnana og tryggingafélags síns, eins og gögn málsins sýni ótvírætt. Ekkert í málinu tengi ráðningarsamband stefnanda hins vegar við stefnda og ljóst sé af málgögnum að Samskip innanlands ehf. hafi verið raunverulegur vinnuveitandi stefnanda. Henni hafi því borið að beina kröfu sinni og síðar málsókn að því félagi.

31. Stefndi vísar nánar til þess að öll starfsemi stefnda á Akureyri, þar sem atvik málsins gerðust, fari fram í þessu dótturfélagi hans, Samskip innanlands ehf. Félagið sé sjálfstæður lögaðili og beri þar á meðal ábyrgð á eigin skuldbindingum. Fyrirliggjandi ársreikningur félagsins varpi nánara ljósi á eðli og starfsemi félagsins en af honum sjáist m.a. að félagið hafi fjölda starfsmanna á launaskrá og fari með umfangsmikinn rekstur og starfsemi. Stefndi bendi þar einnig á skjal með verklagsreglum um lestun og losun tækja sem hann hafi lagt fram í málinu sem séu merktar Samskipum innanlands og varði samkvæmt því efni sínu sömu störf og þau sem stefnandi hafi verið að sinna þegar hún varð fyrir slysinu sem málið snúist um.
32. Stefndi bendir á að samkvæmt óumdeildum meginreglum í íslenskum rétti séu félög sjálfstæðir lögaðilar. Til að móðurfélag geti orðið skaðabótaskyld út af háttsemi sem eigi sér stað á vegum dótturfélags þess þurfi sérstök atvik að koma til og skilyrði að vera uppfyllt, svo sem varðandi sjálfstæða skaðabótaskylda háttsemi móðurfélags eða ábyrgð þess á rekstri dótturfélags, hugsanleg aðilaskipti skuldbindinga eða náin tengsl rekstrar. Ekkert slíkt eigi við í þessu máli. Þar á meðal sé Samskip innanlands ehf. enn í fullum og óbreyttum rekstri frá því atvik þessa máls gerðust. Þvert á móti eigi hér við samkvæmt áðurnefndum meginreglum að móðurfélag geti ekki borið ábyrgð á starfsmönnum dótturfélags eða háttsemi sem þar fer fram. Kröfum á slíkum grundvelli verði því ekki beint að móðurfélagi viðkomandi dótturfélags.
33. Stefndi hafnar því að bréf lögmanns stefnda þar sem bótaskyldu var hafnað geti haft hér nokkur áhrif enda breyti það ekki staðreyndum í málinu og bindi ekki hendur stefnda við að verjast kröfum stefnanda. Einnig sé bent á þar að bréfið hafi verið sent næstum þremur árum áður en stefnandi höfðaði þetta dómsmál og að varnir stefnda sem hér um ræðir hafi komið fram með greinargerð stefnda um leið og aðrar varnir hans í málinu.

Niðurstaða

34. Aðila greinir á um það hver hafi í reynd verið vinnuveitandi stefnanda þegar hún varð fyrir slysinu sem málið varðar og þar með að hverjum beri með réttu að beina dómkröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu. Af gögnum málsins og upplýsingum þar, sem raktar hafa verið í málsatvikakafli dómsins hér á undan, verður að telja fram komið að félagið Samskip innanlands ehf., dótturfélag stefnda, hafi verið vinnuveitandi stefnanda þegar hún varð fyrir slysinu. Ásamt öðru sem þar liggur fyrir er ljóst af launa-seðli stefnanda að Samskip innanlands ehf. greiddi stefnanda laun og er það í sjálfu sér óumdeilt í málinu. Ekki er hægt að fallast á með stefnanda að það hafi ekki þýðingu hér

og að líta verði á Samskip innanlands ehf. sem deild innan fyrirtækjasamstæðu stefnda. Ljóst er enda af gögnum málsins að svo er ekki í lagalegum skilningi heldur er það félag sjálfstæður lögaðili með umtalsverðan rekstur og ber að lögum ábyrgð á eigin skuldbindingum. Í því felst m.a. að Samskip innanlands ehf., en ekki aðrir, er réttur aðili að dómsmálum sem það félag varða. Af sömu ástæðu hafa ekki þýðingu sjónarmið sem stefnandi hefur borið við varðandi deildir og ámóta einingar innan stofnana eða félaga sem í dómaframkvæmd hafa ekki verið taldar njóta aðildarhæfis.

35. Almennar reglur um túlkun ráðningarsamninga sem stefnandi hefur vísað til geta ekki haft þýðingu fyrir úrlausn um rétta aðild til varnar í málinu. Engu getur breytt þar þó svo gögn um ráðningarsamband aðila sem rakin hafa verið verði að telja verulega óljós varðandi nákvæma og eðlilega tilgreiningu á vinnuveitanda stefnanda. Þar liggur raunar m.a. um leið fyrir að þau tilgreina heldur ekki stefnda sem vinnuveitanda hennar. Hið sama verður að eiga við um það hvernig stefnandi kann að hafa upplifað eða skilist hver væri vinnuveitandi hennar, jafnvel þótt sýna mætti óvissu hennar að því leyti skilning. Er þá vísað til þess hvernig umrædd gögn eru úr garði gerð og einnig þess að stefnandi er erlend og að ekki hefur sætt andmælum að hún sé ekki eða takmarkað mælt á íslensku. Loks verður því ekki ætluð þýðing fyrir úrlausn um rétta aðild að málinu þó svo fyrir liggja að lögmenn stefnda hafi ekki komið á framfæri athugasemdum eða mótmælum þess efnis við lögmenn stefnanda í samskiptum vegna kröfugerðar stefnanda áður en hún höfðaði málið heldur fyrst með greinargerð stefnda í málinu.
36. Samkvæmt því sem rakið hefur verið verður að leggja til grundvallar að máli stefnanda sé ranglega beint að stefnda í stað félagsins Samskip innanlands ehf. Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 er því fallist á kröfu stefnda um sýknu af dómkröfum stefnanda vegna aðildarskorts.
37. Báðir aðilar krefjast málskostnaðar. Byggir stefnandi þar sérstaklega á því, á áður nefndum forsendum, að óháð framangreindri niðurstöðu beri að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar.
38. Líkt og komið hefur fram verður að fallast á með stefnanda að gögn varðandi ráðningarsamband hennar séu ekki svo ljós sem skyldi með tilgreiningu á vinnuveitanda hennar og raunar öðru nær. Má um það vísa til lýsinga á þeim gögnum í málsatvikakafli dómsins og forsendna dómsins hér á undan, þar á meðal varðandi persónulega stöðu og hagi stefnanda og aðstöðumun milli aðila.

39. Við því hefði e.t.v. mátt búast, þar á meðal í ljósi kröfugerðar og málatilbúnaðar stefnda nú fyrir dóminum vegna þessa attriðis, að hið rétta í þessu sambandi kæmi fram eftir að lögmennt stefnda tóku við fyrirsvari og gæslu hagsmuna stefnda í samskiptum við lögmann stefnanda fyrir málshöfðun hennar. Í gögnum um þau samskipti kemur m.a. fram að lögmannsstofa stefnda hafi þar svarað og hafnað kröfugerð stefnanda annars vegar beinlínis fyrir hönd stefnda sem umbjóðanda, með nafni hans og kennitölu, og hins vegar á þann hátt að umbjóðandinn væri „Samskip“. Ekki liggur annað fyrir í málinu en að röng eða ónákvæm svör að þessu leyti hafi einfaldlega verið sett fram fyrir vangáning, svo sem gerst getur. Framangreindum attriðum varðandi stefnda og svör af hans hálfu á undan málshöfðun stefnanda verður heldur ekki einum og alfarið kennt um að málið hafi á endanum verið höfðað gegn röngum aðila.
40. Með vísan til framangreinds og ákvæða 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður eins og hér stendur á talið rétt að stefndi beri hluta þess kostnaðar sem hlotist hefur af rekstri málsins, líkt og nánar greinir hér á eftir og í dómsorði.
41. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu. Gjafsóknarkostnaður hennar, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hennar, greiðist úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu stefnanda var ekki afhent tímaskýrsla, yfirlit málskostnaðar eða önnur gögn um kostnað hennar vegna málsins. Að virtu umfangi og meðferð málsins og samkvæmt reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2026 telst málflutningsþóknun lögmanns stefnanda hæfilega ákveðin 700.000 krónur. Samkvæmt dómvenju er virðisaukaskattur á málflutningsþóknun ekki meðtalin í þeirri fjárhæð. Með vísan til 4. mgr. 128. gr. laga nr. 91/1991 og samkvæmt framansögðu verður stefnda gert að greiða helming þeirrar fjárhæðar, 350.000 krónur, í málskostnað til ríkissjóðs.
42. Klara Óðinsdóttir lögmaður flutti málið fyrir stefnanda en Sigríður Harradóttir lögmaður fyrir stefnda.
43. Finnur Þór Vilhjálmsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Samskip hf., er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Stefndi greiði 350.000 krónur í málskostnað sem renni til ríkissjóðs.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hennar, 700.000 krónur.